

Sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna

Birgir Guðmundsson, dósent í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri

Útdráttur

Umræða um sjálfsritskoðun fjölmiðla hefur tekið kipp hér á landi eftir árásir á ritstjórnarskrifstofur Charlie Hebdo í París í janúar 2015 og sviptingar í yfirstjórn og eigendahópi íslenskra fjölmiðla. En hver er sú reynsla sem blaðamenn lýsa sem sjálfsritskoðun og hvað merkir hugtakið? Í þessari könnun er leitað svara við tveimur rannsóknarspurningum. Annars vegar hvernig blaðamenn skilja hugtakið sjálfsritskoðun og hins vegar hver væri reynsla íslenskra blaðamanna af sjálfsritskoðun. Byggt var á fyrirbærafræðilegri aðferð með viðtölum við sex reynda blaðamenn. Megin niðurstaðan er sú að áhrif umræðunnar um fréttir og fréttamat blaðamanna hafi mikil áhrif á efnistöð og framsetningu, bæði almenn stemning í þjóðfélaginu og ekki síður viðbrögð frá áhrifmiklum stjórnmálamönnum og skoðanaleiðtogum í netheimum. Enn fremur skiptir máli hvar þeir fjölmiðilar sem blaðamenn vinna á eru staðsettir í pólitískri/ viðskiptalegri blokkaskiptingu íslenska fjölmiðlakerfisins. Þá sýna niðurstöður ólíkan skilning blaðamanna á hugtakinu sjálfsritskoðun og að brýnt sé að að skilgreina það ef nota á það til greiningar. Loks kemur fram að almenn þjóðfélagsumræða ásamt áhrifmiklum stjórnmálamönnum og skoðanaleiðtogum í netheimum hafi mest áhrif á sjálfsritskoðun blaðamanna.

Efnisorð: Sjálfsritskoðun; blaðamennska; tjáningarfrelsi; fjölmiðlar

Self Censorship among Icelandic Journalists Abstract

The discussion on media self-censorship has flourished in Iceland after the attacks on the Charlie Hebdo editorial offices in January 2015 and after some dramatic changes in the top management and owner-groups of some of the media firms. But what is this experience that journalists describe as self-



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 11, Issue 1 (55–70)

© 2015 Contacts: Birgir Guðmundsson, birgirk@unak.is

Article first published online June 23rd 2015 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 1. töl. 11. árg. 2015 (55–70)

© 2015 Tengiliðir: Birgir Guðmundsson, birgirk@unak.is

Vefbirting 23. júní 2015 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI:<http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.1.4>

This work is licensed under Creative Commons Attribution 3.0 License

editorship? This paper attempts to answer two main research questions. On the one hand the question how journalists understand the concept of self-censorship. On the other hand the question: what is the experience of Icelandic journalist of self-censorship? The approach is the one of a qualitative research and is based on interviews with six experienced journalists. The main findings suggest important influence of the social discourse on news and news values of journalists and their tendency for self-censorship. This discourse is partly directed by politicians and influential bloggers and also by a massive discussion by active social media users. Furthermore the findings suggest, that ownership and the location of the particular medium where a journalist works in the line-up of different commercial-political blocks in the media market, is important for self-censorship. Finally it seems that journalists understand the concept self-censorship in a different manner and that it is important to define the term carefully if it is to be used as an analytical tool.

Keywords: Self-censorship; journalism; freedom of expression; media.

Inngangur

Sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna og raunar fjölmiðla almennt hefur verið í almennri umræðu í kjölfar árásarinnar á Charlie Hebdo í París í janúar 2015. Þar réðust tveir ofbeldismenn, sem tengdust Al-Qaeda í Jemen, inn á ritstjórnarskrifstofur skopmyndatímamarkaðs og drápu ellefu manns og særðu ellefu til viðbótar undir því yfirskini að þeir væru að hefna fyrir birtingu skopmynda af spámanninum Múhamed. Þannig hafa ýmsir fjölmiðlar eins og t.d. Jyllands-Posten í Danmörku tekið þá afstöðu að endurbirta ekki Múhamedsteikningar franska blaðsins af ótta við hefndaraðgerðir herskára íslamista. Aðrir miðlar hafa tekið sambærilega ákvörðun á öðrum forsendum og sagt að þeir vilji einfaldlega ekki vanvirða trúarskoðanir fólks að nauðsynjalausu (RÚV 2015). Hugtakið sjálfsritskoðun öðlaðist talsverða útbreiðslu eftir að Jyllands-Posten birti skopteikningar af spámanninum haustið 2005, en þá var það einmitt ein megin röksemdafærsla Flemming Rose, menningarritstjóra blaðsins, að rjúfa þyrfti þöggun og sjálfsritskoðun sem væri að festa sig í sessi í dönskum fjölmiðlum varðandi umfjöllun um íslam. Þessi sjálfsritskoðun var að mati Rose afleiðing ógnandi hegðunar ýmissa hópa múslima í Evrópu og væri svo komið að tjáningarfrelsi listafólks, blaðamanna og annarra skapandi hópa væri orðið verulega skert af þessum sökum (Rose 2006).

Sjálfsritskoðun hefur einkum verið rædd af fræðimönnum í tvenns konar samhengi. Í fyrsta lagi hefur hugtakið verið skoðað af heimspekingum og merking hugtaksins gaumgæfð. Í öðru lagi hefur hún verið rædd í tengslum við sjálfræði og sjálfstæði (e. autonomy) blaðamanna. Skipta má þessum hluta umræðunnar upp í tvo hluta þótt um náttengd fyrirbæri sé í raun að ræða. Annars vegar er það umræða um faglegt sjálfstæði þar sem kastljósinu er beint að því hvort blaðamenn geti talist fagstétt (Birgir Guðmundsson & Sigurður Kristinsson 2015; McQuail 2013). Hins vegar er það umræða um faglegt sjálfstæði í tengslum við lagaumgjörð og mannréttindi og hvernig blaðamönnum

er gert kleift að sinna hlutverki sínu í lýðræðissamfélagi (Herdís Þorgeirsdóttir 2005; Herman og Chomsky 2002).

1. Sjálfsritskoðun

1.1 Heimspækileg nálgun

Fyrirbærið sjálfsritskoðun hefur gjarnan verið rætt samhliða hugtakinu tjáningarfrelsi, ekki síst í tengslum við skopmyndirnar af Múhameð spámanni sem framkölluðu á sínum tíma fjöldamótmæli og óeirðir og kostuðu meira að segja mörg mannlíf (Birgir Guðmundsson & Meckl 2010; Róbert H. Haraldsson 2009; Meckl 2008). Hugtökin sjálfsritskoðun og tjáningarfrelsi eru vissulega skyld, en þó er ekki alveg um sama hlutinn að ræða og bendir Horton (2011) t.d. á að á meðan heimspækningar hafa talsvert fjallað um bæði ritskoðun og tjáningarfrelsi hafa þeir lítinn gaum gefið sjálfsritskoðuninni. Sjálfur leggur hann til að hugtakinu sé skipt upp þannig að það sé tvívíddarhugtak. Þannig séu fólgin í hugtakinu átök milli tveggja póla, annars vegar ritskoðarans eða sjálfsritskoðarans og hins vegar höfundarins sem kjósi að setja fram texta eða málflutning með einhverjum tilteknum hætti. Þetta geti síðan útskýrt þá siðferðilegu óvissu sem oft fylgi hugmyndinni um sjálfsritskoðun (Horton 2011). Náskyld þessu er skilgreining hugtaksins í tvenns konar sjálfsritskoðun, innri sjálfsritskoðun (e. private self-censorship) og ytri sjálfsritskoðun (e. public self-censorship). Sú skipting byggir á lýsandi greiningu á hugtakinu út frá ritskoðaranum annars vegar og þeim sem er ritskoðaður hins vegar. Þegar gerandi og þolandi ritskoðunarinnar er að öllu leyti sami aðili og viðkomandi er að bæla tjáningu sína að eigin frumkvæði og sannfæringu er um innri ritskoðun að ræða, en þegar rekja má geranda eða upphaf ritskoðunarinnar til annars aðila eða utanaðkomandi þrýstings er um ytri sjálfsritskoðun að ræða (Cook & Heilmann 2013). Þessi tvískipting getur skipt máli vegna þess að hún tengist hugmyndinni um tjáningarfrelsi. Innri sjálfsritskoðun getur ekki með sama hætti talist vera skerðing á tjáningarfrelsi og ytri sjálfsritskoðun, en í seinna tilvikinu er í raun verið að láta undan utanaðkomandi þrýstingi.

1.2 Nálgun faglegs sjálfstæðis

Eins og áður segir leikur hugtakið sjálfsritskoðun hlutverk í umræðunni um faglegt sjálfstæði blaðamanna, bæði hvað varðar þann efnahagslega, félagslega og lagalega ramma sem á að gera þeim kleift að sinna hlutverki sínu í lýðræðissamfélagi og hvað varðar umræðu um hvort og hvernig fagstétt blaðamenn séu.

1.3 Faglegt sjálfstæði og umgjörðin

Herdís Þorgeirsdóttir (2005) bendir á það í viðamikilli rannsókn sinni á því hvernig 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu er útfærð í raun, að mikið ójafnvægi sé milli stöðu fjölmiðla sem fyrirtækja og atvinnugreinar annars vegar og svo stöðu einstakra blaðamanna hins vegar. Faglegt sjálfstæði og útfærsla á réttindum blaðamanna séu skilyrt af rekstrar- og markaðslegum hagsmunum fjölmiðlafyrirtækjanna sem í raun hafa í hendi sér að ákveða hverjir geta starfað sem blaðamenn og hverjir ekki. Þannig að þó að 10.

grein Mannréttindasáttmála Evrópu tryggi einstökum blaðamönnum tiltekin réttindi þá verða kringumstæður í veruleikanum e.t.v. aðrar þegar slíkum réttindum er teft fram innan umgjardar efnahagslegra skipulagsheilda sem byggja á eigin lögmálum og skynsemisrökum. Þannig geti hin efnahagslega umgjörð með sínum sjálfstæðu hagsmunum unnið gegn þeim einstaklingsréttinum og sjónarmiðum sem blaðamönnum eru veitt. Herdís Þorgeirsdóttir notar samlíkingu frá Max Weber um „járnbúri“ og bendir á að réttindi og skyldur blaðamanna sem til dæmis eru vernduð í 10. grein Mannréttindasáttmálans, geti þannig verið læst inni í „járnbúri“ hagsmuna fjölmiðlafyrirtækja - þeirrar efnahagslegu umgjardar sem þessi starfsemi byggir á. Klípa fjölmiðlunarinnar birtist þá í því hvernig hún nær fram markmiðum Mannréttindasáttmálans um fjölbreytni og fjöl-ræði, umburðarlyndi og víðsýni þegar gangverk fjölmiðlanna sjálfra hefur tilhneigingu til að vinna gegn því. Í því ljósi er sjálfsritskoðun eitt stærsta vandamálið (Herdís Þorgeirsdóttir 2005).

Í lagalegu og réttarheimspekilegu samhengi er ritskoðun yfirleitt talin vera það að stöðva birtingu eða tjáningu tiltekinna skilaboða sem talin eru óæskileg, áður en þau berast móttakendum sínum (Herdís Þorgeirsdóttir 2005). Sé slík skilgreining notuð um sjálfsritskoðun þá merkir það einfaldlega að sá sem hugðist flytja skilaboðin sé jafnframt sá sem ákveður að koma þeim ekki til skila til móttakenda. Slík skilgreining er þó mjög takmörkuð og gefur ekki til kynna að ástæður hljóta að vera að baki ákvörðuninni – að sjálfsritskoðunin hafi einhvern tiltekinn tilgang eða hlutverk. Það getur t.d. ekki talist sjálfsritskoðun að sá sem ætlar að koma skilaboðum til skila nenni því svo ekki. Því er brýnt að bæta við skilgreininguna um sjálfsritskoðunina að hún hafi einhvern ákveðinn tilgang (Kristján Kristjánsson 2013). Þannig skilgreinir Herdís Þorgeirsdóttir sjálfsritskoðun í fjölmiðlum sem svo að um sé að ræða að blaðamenn sniðgangi viljandi frétt-næm efni vegna þess að þeir búist við neikvæðum viðbrögðum frá yfirmönnum. „Það getur verið erfitt að gretta sig framan í þá sem valdið hafa. Ótti um afleiðingarnar veldur því oft að blaðamenn segja ekki frá hlutum“ (Herdís Þorgeirsdóttir 2005, 285). Þessi skilgreining er í samræmi við mjög útbreiddan skilning á hugtakinu, enda byggir hún að verulegu leyti á málflutningi og röksemdafærslum Mannréttindadómstóls Evrópu og túlkunar á 10. grein mannréttindasáttmálans (Herdís Þorgeirsdóttir 2005). Þessi skilgreining er í ætt við áður nefnda skilgreiningu Cook & Heilmann (2013) á því sem þeir kölluðu ytri sjálfsritskoðun. Rannsóknarnefnd Alþingis notaði hugtakið með svipuðum hætti í Bindi 8 í skýrslu sinni um efnahagshrunið (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010), og síðar Vilhjálmur Árnason (2014), og töldu að sjálfsritskoðun gagnvart útrásinni og fjármálaöflum hafi verið umtalsverð fyrir hrun. Ástæðan var m.a. að mati skýrsluhöfunda samþjöppun í eignarhaldi og þar með takmörkuð atvinnutækifæri blaðamanna og ótti þeirra við að missa vinnuna ef þeir styggðu fjármálaöflin sem oft voru líka fjölmiðla-eigendur.

Segja má að þessi skilningur á sjálfsritskoðun komi víða fram í fræðilegri og faglegri umræðu um blaðamennsku. Þannig settu þeir Herman & Chomsky (2002) fram hugmyndir undir lok síðustu aldar um kerfislega sjálfsritskoðun sem rekja mátti til eigendavalds og markaðsáhrifa. Sömu leiðist bendir McQuail (2013) á að þrýstingur á fjöl-

miðlamenn hafi leitt til vanabundinnar sjálfsritskoðunar sem komi í veg fyrir að þeir noti það formlega frelsi sem þeir hafa. Loks má nefna til marks um hversu viðtekinn þessi skilningur á sjálfsritskoðun er að hann var lagður til grundvallar í hringborðsumræðum á vegum Evrópuþingsins um ástand mála í Serbíu í maí 2015. Þar var yfirskrift umræðana sem fulltrúar frá Evrópusambandi blaðamanna ásamt fleirum tóku þátt, „hin ósýnilega hönd sjálfsritskoðunar“ (EFJ 2015).

1.4 Faglegt sjálfstæði - fagstétt

Í tilraunum til að leggja mat á sjálfræði blaðamanna í ólíkum löndum hefur ýmsum mælikvörðum verið beitt. Ein leiðin hefur verið að kanna sérstaklega hvaða áhrif stafræn tækni og gjörbreytt tækniumhverfi með tilheyrandi sprengingu í fjölda og samþættingu fjölmiðlagátta hefur haft á sjálfræði blaðamanna. Í þeim efnum benda rannsóknir til að tæknin skapi hvort tveggja, möguleika til að viðhalda faglegu sjálfstæði og umtalsverða ógn við faglegt forræði blaðamannastéttarinnar (Witschge & Nygren 2009; Alexander 2015). Önnur leið sem farin hefur verið er að skoða ákvarðanatökufærlið á ritstjórnnum og freista þess að leggja mat á að hve miklu leyti blaðamenn er virkir þátttakendur í því. Samkvæmt rannsókn Morten Skovsgaard (2013) við Suður-danska háskólann í Óðinsvéum, sem byggir á spurningakönnun meðal 1.083 danskra blaðamanna er sjálfræði þeirra talsvert. Í samskiptum þeirra við yfirmenn er um samvinnu og samkomulag að ræða frekar en fyrir mæli um hvaða verkefni eigi að vinna og hvernig. Hins vegar er þetta sjálfræði nokkuð breytilegt eftir tegundum fjölmiðla og landsvæðum (Skovsgaard 2013). Í alþjóðlegum samanburðarlista *Worlds of Journalism Studies*, sem er fjölþjóðlegt samstarfsnet og gagnabanki á sviði fjölmiðlarannsókna og stýrt frá háskólanum í München, hafa nokkrar spurningar verið notaðar til að mæla faglegt sjálfræði og bera það saman milli landa. Þannig hefur verið spurt um áhrif yfirmanna á ritstjórn, stjórnendur fyrirtækisins, eigendur, kollega, vinnuaðstæður ýmis konar og ritskoðun. Spurning um ritskoðun var hluti af spurningarlista sem lagður var fyrir 1.800 blaðamenn í 18 löndum á tímabilinu frá 2007-2011. Í greinum sem byggja á úrvinnslu úr þessum grunni kemur fram að hugmyndir um faglegt sjálfstæði eru nokkuð misjafnar eftir löndum, en helstu atriði sem skipta máli fyrir fagvitund eru viðhorf blaðamanna til þess hversu mikil áhrif stjórnmál, skipulag, verkferlar, faglegar kröfur, og samstarfshópar hafa á starf þeirra (Reich & Hanitzschub 2013; WJS e.d.).

Athygli vekur að í þessum rannsóknum á sjálfræði er lítill gaumur gefinn að hugmyndinni um sjálfsritskoðun þó bæði ritskoðun og tjáningarfrelsi komi beint og óbeint við sögu. Virðist það því einnig eiga við um félagsvísindin sem Horton (2011) talar um varðandi heimspekina, að þetta hugtak hafi ekki fengið eins mikla athygli og ritskoðun eða tjáningarfrelsi. Í íslensku útgáfu WJS spurningalistans, sem lögð var fyrir á Íslandi árið 2011 var þó bætt inn spurningu um sjálfsritskoðun í þeim hluta þar sem spurt var um atriði sem hefðu áhrif á störf blaðamanna (Guðbjörg Hildur Kolbeins 2012; WJS/Ísland, óbirt). Telja verður eðlilegt að slík spurning hafi komið inn hér á landi í ljósi niðurstöðu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um hrúnið, en þar er eins og áður segir talað um að umtalsverð sjálfsritskoðun hafi verið í gangi á íslenskum fjölmiðlum

fyrir hrun (Rannsóknarnefnd 2010). Í bráðabirgðaniðurstöðum þessa íslenska hluta könnunarinnar, kemur fram að yfir 45% íslenskra blaðamanna telja að sjálfsritskoðun hafi mikil eða mjög mikil áhrif á störf þeirra (Guðbjörg Hildur Kolbeins 2012; WJS/Ísland, óbirt). Athygli er vakin á þessum niðurstöðum í nýlegri úttekt á faglegri stöðu íslenskra blaðamanna, en jafnframt á það bent að óvíst sé hvernig beri að túlka þetta og óljóst hvernig íslenskir blaðamenn skilji hugtakið sjálfsritskoðun, hvaða upplifun eða reynsla það er sem þeir eru að vísa til í svörum sínum (Birgir Guðmundsson & Sigurður Kristinnsson 2015).

2. Rannsóknarspurningar

Í ljósi umræðunnar hér að framan um hlutverk blaðamanna í samfélaginu er óhætt að fullyrða að spurningin um sjálfsritskoðun sé brýn. Faglegt sjálfstæði blaðamanna er mikilvægt lýðræðinu og spurningin um hvort og þá hvers konar takmarkanir sjálfsritskoðun setur kallar á svör. En þessi umræða dregur jafnframt fram að skilgreining á hugtakinu sjálfsritskoðun er nauðsynleg og að mikilvægt sé t.d. að gera greinarmun á því hvort um innri eða ytri sjálfsritskoðun er að ræða. Í þeirri athugun sem hér verður gerð grein fyrir er þess freistað að varpa ljósi á þessar tvær spurningar með fyrirbærafræðilegri rannsókn. Lagt er upp með eftirfarandi megin rannsóknarspurningar:

Hvernig skilja íslenskir blaðamenn hugtakið sjálfsritskoðun?

Hver er reynsla íslenskra blaðamanna af sjálfsritskoðun í störfum þeirra við að veita almenningi af fagmennsku óvillballar upplýsingar sem skipta máli fyrir lýðræðislega ákvarðanatöku?

3. Aðferðafræði

Aðferðafræði þessarar rannsóknar var eigindleg, en eiginlegar aðferðir eru heppilegar til að kanna fyrirbæri þar sem túlkun og persónuleg upplifun einstaklinga skiptir miklu máli (Sigríður Halldórsdóttir 2013a; Sigríður Halldórsdóttir & Sigurlína Davíðsdóttir 2013). Með þessu móti má kafa dýpra í viðfangsefni og varpa ljósi á spurningar sem ekki er auðvelt að svara með megindegum aðferðum. Segja má að eigindlegar aðferðir setji túlkun fyrirbæra (e. interpretation) í rannsóknnum frammar mælingum á þeim (e. measurement) (Gunter 2000). Aðferðin byggir fyrst og fremst á viðtölum við fólk sem valið hefur verið samkvæmt tilteknum forsendum (úrtak) og eru þessi viðtöl skráð og þemagreind.

Ýmsar aðferðir og skólar fyrirfinnast innan eigindlegra aðferða og er fyrirbærafræði einn þeirra. Sú aðferð byggir á því að reynsla og upplifun fólks móti starf þess og líf og geti gefið mikilvægar upplýsingar um eðli þess fyrirbæris sem verið er að skoða. Þannig geti dýrmætar upplýsingar fengist með því að fá þessa reynslu lánaða, og skrásetja með fræðilegri nákvæmni og yfirvegun (Sigríður Halldórsdóttir 2013b).

3.1 Val úrtaks

Sá hópur sem rannsóknin beinist almennt að eru blaðamenn sem eru að vinna fréttir sem skipta máli fyrir samfélagið og varða möguleika almennings á að vera upplýstur um mikilvæg þjóðfélagsmál. Þetta er almennt séð sá hópur blaða- og fréttamanna sem er að vinna í fréttum og þá sérstaklega innlendum fréttum. Þegar sjálfsritskoðun ber á góma

beinist athyglin að fólki sem er í sínu daglega starfi að taka ritstjórnarlegar ákvarðanir, en er þó ekki ædstu yfirmenn á ritstjórn. Sömuleiðis er mikilvægt að sá hópur sem upplýsinga er aflað hjá sé ekki fólk sem er nýbyrjað í blaðamennsku og af þeim sökum óöruggt í eigin skinni. Við val á viðmælendum var því farin sú leið að velja reynda blaðamenn sem hafa á undanförunum árum vakið athygli í umræðu á faglegum vettvangi blaðamannastéttarinnar fyrir þá vinnu sem þeir hafa unnið. Alls var talað við sex blaðamenn, fjóra karla og tvær konur. Þessir blaðamenn starfa við að skrifa fréttir á landsdekkandi miðlum og felur daglegt starfumhverfi þeirra í sér bein eða óbein tengsl við ólíkar fjölmiðlagáttir, þ.e. prentmiðla, netmiðla og ljósvakamiðla. Meginstarfsvettvangur eins viðmælenda var ljósvaki, meginstarfssvið tveggja var prentmiðill og netið var meginstarfssvið eins. Starfssvið hinna var blandað. Aldursbil viðmælenda var frá u.þ.b. þrítugu til sextugs og starfsreynsla þeirra í blaðamennsku var frá 8 til 33ja ára. Fjöldi viðmælenda réðst af því að fram var komin ákveðin metnun í svörum viðmælenda, þ.e. að sömu hlutir voru endurtekið farnir að koma fram í viðtölunum. Í úrvinnslu og fremsetningu niðurstaðna var hverjum viðmælenda gefið tilbúið nafn.

3.2 Viðtalsrammi

Viðtalsrammi byggði á rannsóknarspurningunum, sem eins og áður segir snerust annars vegar um skilning á hugtakinu sjálfsritskoðun og hins vegar um reynslu blaðamanna af sjálfsritskoðun með hliðsjón af faglegum viðmiðum. Sérstaklega voru sett niður þrjú atriði sem viðtalið átti að snúast um en þessi atriði voru:

- a. Áhrif innan fyrirtækisins á sjálfsritskoðun, þar með talin áhrif kollega, yfirmanna og eigenda og viðskiptahagsmunir fyrirtækisins.
- b. Áhrif ytri þátta s.s. ýmis konar þrýstings úr samfélaginu og frá aðilum utan fyrirtækisins.
- c. Skilningur blaðamanna á hugtakinu sjálfsritskoðun.

Reynt var að hafa umræðuna eins opna og hægt var en viðtalinu stýrt þannig að þessi þrjú atriði kæmu í viðum skilningi til umræðu. Í viðtalsrammanum var jafnframt miðað við að draga fram hvaða áhrif eða stöðu hvert þessara atriða hafði á fagmennsku að mati viðmælenda, en fagleg blaðamennska í þessu samhengi var það að fá fram upplýsingar með vönduðum hætti um mál sem skiptu máli fyrir lýðræðislega þátttöku almenings.

4. Niðurstöður

Lagt var upp með rannsóknarspurningarnar: „Hvernig skilja íslenskir blaðamenn hugtakið sjálfsritskoðun?“ og „Hver er reynsla íslenskra blaðamanna af sjálfsritskoðun í störfum þeirra við að veita af fagmennsku óvilhallar upplýsingar sem skipta máli fyrir lýðræðislega ákvarðanatöku til almennings?“ Strax við fyrstu þemagreiningu viðtalanna komu fram vísbendingar um sterkan samhljóm um ákveðin atriði. Þessi atriði skýrðust enn í greiningarlíkaninu eins og sjá má á Mynd 1. Þrjú breið þemu komu fram með skýrum og greinilegum hætti:

1. Samfélagsumræðan var ótvírætt meginþema, ekki síst umræðan á bloggsíðum og samfélagsmiðlum, sem er greinilega mikilvægur áhrifaþáttur á sjálfsritskoðun og ritstjórnarlegar ákvarðanir blaðamanna - í raun jafnvel meiri áhrifavaldur en eigendavald eða markaðshagsmunir fjölmiðlafyrirtækjanna.
2. Það eitt að vera starfsmaður tiltekins fjölmiðlafyrirtækis staðsetur blaðamenn innan tiltekinnna viðskipta-pólítískra blokka í samfélaginu og hefur áhrif - jafnvel mótsagnakennd áhrif á sjálfsritskoðun.
3. Hugtakaskilningur viðmælenda er ólíkur og hægt er að greina tvenns konar skilning sem fellur að tvískiptingu hugtaksins í innri og ytri sjálfsritskoðun og í samræmi við þá skiptingu er hún talin ýmist jákvæð eða neikvæð. Í aðalatriðum kemur hins vegar fram sami skilningur hjá öllum viðmælendum hvað varðar rit-skoðun.

Hér á eftir verða þessi atriði skoðuð nánar og fyrst farið yfir hugtakaskilninginn, þá áhrif þess að vera starfsmaður fyrirtækis sem tilheyrir tiltekinni blokk og loks verður meginþemað skoðað, þ.e. áhrif samfélagsumræðunnar.

4.1 Hvernig menn skilja hugtökin

Varðandi skilning viðmælendanna á hugtökunum sjálfsritskoðun og ritskoðun þá höfðu þeir talsvert skýra mynd af hugtakinu ritskoðun sem beina íhlutun eða synjun á því efni sem búið hafði verið til eða hugmynd var um að búa til. Sömuleiðis virtist nokkuð skýr aðgreining milli ritskoðunar annars vegar og sjálfsritskoðunar hins vegar. Nauðsynlegt skilyrði fyrir því síðara, en þó ekki nægjanlegt, var að takmarkanir sem það vísaði til væru ekki orðaðar. En skilningur flestra á hugtakinu fól jafnframt í sér að sjálfsritskoðun gæti komið til af innri og ytri ástæðum. Þannig gera viðmælendur greinarmun á neikvæðri sjálfsritskoðun og svo aftur jákvæðri sjálfsritskoðun sem felur í sér aga og hvöt til að halda aftur af eigin skodunum og fordómum í því skyni að fá fram sem faglegasta niðurstöðu. Þetta var þó ekki alveg einhlítt og þannig segir viðmælandinn Gunnar að sjálfsritskoðun snúist ekki um slíka hluti „*enda er það bluti af starfslýsingunni að vera blaðamaður að halda aftur af eigin skodunum*“. Því telji hann sjálfsritskoðun alfarið stafa af ótta eða áhyggjum af hugsanlegum afleiðingum. Neikvæð sjálfsritskoðun var því talin skynjuð þvingun frá öðrum en blaðamanninum sjálfum, en ef hún birtist aftur á móti sem agatæki sem knúði á um faglegru vinnubrögð væri hún jákvæð. Þannig segir annar viðmælandi, Páll: „*Já svo er það náttúrulega líka ef maður teygir þetta hugtak þá hef ég verið að tala um þetta neikvæða, en hún getur líka verið mjög jákvæð og ekki sjálfsritskoðun með neikvæðum formerkjum*“. Til viðbótar þeim faglegra undirtóni um starf blaðamannsins sem tengja má við þessa jákvæðu innri sjálfsritskoðun í svörum flestra blaðamannanna komu einnig fram siðferðilegar ástæður fyrir sjálfsritskoðun. Þannig sagði t.d. viðmælandinn Kristín: „*Ég held að það sé mjög mikilvægt að takmarka sjálfan sig að einhverju leyti og þá miða ég við það að gæta bófsemdar og sara ekki tilfinningar en samt má það ekki stangast á við sannleiksgildið – þannig að þetta er ákveðin list*“.

Svör blaðamannanna endurspeglar í raun nokkuð vel þá tvískiptingu sem heimspek-ingar hafa sett fram á hugtakinu. Flestir skilja hugtakið sem bæði innri (jákvæða) og ytri

(neikvæða) sjálfsritskoðun þó það sé ekki algilt og sumir haldi sig við þann skilning að ytri sjálfsritskoðun sé í raun eina sjálfsritskoðunin. Þessi munur skiptir augljóslega miklu máli þegar horft er til þess hvernig beri að túlka mælingar á viðhorfum blaðamanna til sjálfsritskoðunar almennt.

Mynd 1. Greiningarlíkan

Greiningarlíkan			
	Neikvætt fyrir faglega blaðamennsku	"Hvorki/né" eða "bæði og"	Jákvætt fyrir faglega blaðamennsku
Skilningur á hugtökum, sjálfsritskoðun og ritskoðun		<ul style="list-style-type: none"> Ólíkur skilningur á almenna hugtakinu sjálfsritskoðun en skýr greinarmunur á henni og ritskoðun. Sjálfsritskoðun er ósögð og síður sýnileg öfugt við hefðbundna ritskoðun. Flestir skilja hugtakið sem bæði innri og ytri sjálfsritskoðun en sumir aðallega sem ytri sjálfsritskoðun. 	<ul style="list-style-type: none"> Viðmælendur gera - sumparti ómeðvitað - greinarmun á tvenns konar sjálfsritskoðun. Annars vegar er það "neikvæð" ytri sjálfsritskoðun með utanaðkomandi þvingun af einhverju tagi. Hins vegar innri sjálfsritskoðun sem er "jákvæð" og þeir telja að stuðli að faglegrri og siðlegri blaðamennsku
Áhrif innan fyrirtækisins, viðskiptahagsmuna, stjórnmenda eða eigenda	<ul style="list-style-type: none"> Blokkamyndun á fjölmiðlamarkaði (og tenging viðskiptablokka og stjórnmála) virðist búa til ákveðinn ramma utan um sjónarhól og verkefnaval, þannig að meðrannsakendur eru meðvitaðir um í hvaða blokk þeir eru staddir og taka mið af því. 	<ul style="list-style-type: none"> Innahússmenning eða ríkjandi orðræða á vinnustað skiptir máli getur bæði stutt faglega og sjálfstæða blaðamennsku og virkað sem dragbitur á hana og stuðlað að neikvæðri sjálfsritskoðun. 	<ul style="list-style-type: none"> Fram kemur hjá viðmælendum að eigendavald hefur áhrif en er ekki mjög yfirþyrmandi - kannski vegna breytinga í samfélaginu, tilkomu nýrra fjölmiðlagátta og aukinna áhrifa almennings á umræðu
Ytri áhrif úr samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> Áberandi mikil áhrif og næmi fyrir umræðunni: Annars vegar er almennt andrúmsloft í þjóðfélaginu og viðteknar skoðanir og það getur kostað mikið átak að fara gegn. Hins vegar eru þeir gagnrýni áhrifamikilla stjórnmálamanna og bloggara (og líka áhrifaminni aðila). Þetta tekur á sig ýmsar myndir, bæði hlýðni við almenna „réttthugsun“, tilraunir til að afsanna ásanir um hlutdrægni og endurskoðun á vali á viðmælendum. Nýmiðlar magna þessi áhrif. 		

Greiningarlíkið er byggt á viðtölum. Líkanið byggir á rannsóknarspurningunum og niðurstöður flokkaðar gróflaga eftir því hvort skilningur á sjálfsritskoðun styður eða styður ekki faglega blaðamennsku eða er þar einhvers staðar á milli. Með faglegrri blaðamennsku er verið að vísa til blaðamennsku sem miðar að því að upplýsa almenning um mál sem auðveldla lýðræðislega ákvarðanatöku.

4.2 Áhrif fyrirtækis og samstarfsfólks

Það er athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að nýlega urðu miklar umræður um eigendavald og ritstjórnarlegt sjálfstæði (Blaðamannafélag Íslands, 2014) að viðmælendur telja eigendur og yfirmenn ekki helsta áhrifavald um sjálfsritskoðun. Þó er þetta það atriði sem Rannsóknarnefnd Alþingis gaf til kynna á sínum tíma að hefði haft mikil áhrif í aðdraganda hrunsins (Rannsóknarnefnd, 2010). Eigendur og það í hvaða viðskipta-pólítísku blokk viðkomandi fjölmiðill fellur skiptir hins vegar vissulega máli. Viðmælandinn Páll rifjar upp að fyrir tveimur áratugum þegar eigendur blaðsins þar sem hann þá vann áttu hlut í áberandi stórfyrirtækjum: „En maður fann fyrir þessari bönd, ósýnilegu bönd og eigendur

fyrirtækisins voru beinlínis tengdir þessum fyrirtækjum. “Nú hins vegar telur hann þetta breytt og áhrif eigenda ekki eins afgerandi og var. Breyttar aðstæður í þjóðfélaginu sem felst m.a. í valdeflingu lesenda og því að auðveldara er að koma málum á dagskrá umræðunnar með tilkomu vefmiðla hvers konar hafa þannig að einhverju leyti dregið úr dagskrárvaldi yfirmanna og eigenda miðlanna og gefið blaðamönnum frjálsari hendur. Þar með voru þó áhrif eigenda og stjórnenda ekki úr sögunni því flestir viðmælendur lögðu áherslu á að þeir væru meðvitaðir um í hvaða viðskipta-pólítísku blokk þeir fjölmiðlar eru sem þeir starfa á. Þetta gat tekið á sig ýmsar myndir. Þannig sögðust blaðamenn telja að þeir og kollegar þeirra reyndu að vera heidarlegir í skrifum og vali á viðmælendum, en vissulega væri líklegt að stundum reyndu menn að forðast að styggja eigendur eða yfirmenn. Viðmælandinn Ólafur sagði: „Þú rambar á eitthvað sem tengist eigendunum óbeint og þá kannski hugsarðu: já ókei þetta gæti kannski komið einhverju illa hérna. Kannski ég setji þetta neðst í bunkann og bíði aðeins og sjái hvort þetta skeiptir í raun svo miklu máli.“ Sama viðhorf kom fram hjá viðmælandanum Unni, en umræða um eigendavald hefur verið nokkur á hennar miðli. Um það hvort það hefði áhrif sagði hún: „Já ég held að það hafi örugglega áhrif. Alveg örugglega. Sérstaklega á þá sem eru yngri í starfi og eru ekki eins öryggir með að standa með sjálfum sér. Og svo er örugglega líka fullt af gamalreyndum blaðamönnum sem eru alltaf tilbúnir að gera það sem þeir halda að falli í keramið. Það er bara svoleiðis.“

Hið gagnstæða kom líka fram, að viðmælendur sáu fyrir sér að þeir reyndu að haga fréttum þannig að ekki væri hættá á að efnistöð yrðu talin styðja við hagsmuni eigenda eða viðskipta-pólítískrar blokkar sem miðillinn væri talinn tilheyra. Þrátt fyrir að viðmælendur hafi nær allir verið meðvitaðir um eigendaáhrifin og markvisst unnið sjálfir gegn slíkum áhrifum, þá virðist einmitt þessi meðvitund skipta máli fyrir sjálfsritskoðun jafnvel þótt slík sjálfsritskoðun gagnist ekki sjálfkrafa eigendanum eða viðkomandi blokk. Kristín orðar þetta svona: „Já ef ég væri að skrifa viðskiptafréttir þá myndi ég eiga mjög slama daga held ég..... Ég er ekki að skrifa slíkar fréttir, en ef ég væri að því þá held ég að ég myndi eiga erfða daga inni á mörgum ritstjórnun.“

Þá kom fram með nokkuð áberandi hætti að blaðamenn eru meðvitaðir um hversu mikill lestur er á efni þeirra og að upplýsingar um hversu vinsælt efni er hefur áhrif á fréttamat. Sérstaklega virðist þessi meðvitund rík í tengslum við fréttir á vefsíðum þótt þetta hafi komið fram í öðru samhengi líka. Í þessu mátti greina ákveðna togstreitu og að blaðamenn voru að vega saman það sem þeim þótti skipta máli fyrir samfélagsumræðuna annars vegar og svo hvað væri líklegt til lesturs hins vegar. Þannig segir viðmælandinn Unnur: „Það hefur áhrif á mann hvað er lesið, guð minn góður. Auðvitað er ofsalega leiðmlegt að skrifa einhverjar fréttir sem enginn les..... því stundum er þetta bara rosa fint efni og svona en það bara hefur enginn áhuga..... En samt skrifar maður það alveg.... mér finnst samt að ég verði að segja frá þessu....“ Viðmælandinn Ólafur tekur enn skýrar til orða og bendir á að fréttir af Paris Hilton hafi verið vinsælar um tíma og mun vinsælli en t.d. fréttir úr pólitík eða heilbrigðiskerfi sem varði hagsmuni fólks miklu. Hann segir síðan: „Ég er dæmdur af mínum verkum og af því hve mikið fréttirnar mínar eru lesnar og þá er freistandi að hugsa sem svo að ég taki frekar þessa frétt en hina sem ég held að verði ekki eins mikið lesin. Það er þessi sjálfsritskoðun eins og ég skil hana“.

Viðmælendurnir allir, þar á meðal Unnur og Ólafur, eru þó mjög meðvitund um það hlutverk sitt að miðla upplýsingum sem skipta almenning máli en ekki eingöngu upplýsingum sem almenningur hefur áhuga á og eru líklegar til vinsælda.

4.3 Áhrif umræðunnar

Eftirfarandi orð viðmælandans Kristínar draga fram þungann sem lagður er á mikilvægi umræðunnar: „*Sjálfsritskoðun er ekki síst komin utan frá og stýrist af ógnarsterkri umræðu. Ég held að hún hafi meiri ítök inni á ritstjórnnum en fólke grunar.*“ Í öllum viðtölunum birtist þessi tónn og allir leggja þunga áherslu á hversu næm þau og kollegar þeirra eru fyrir tvenns konar áhrifum umræðunnar; annars vegar áhrifum almennrar samfélagsumræðu og hins vegar beinnar gagnrýni.

4.3.1 Óbein áhrif - stemning

Fyrri tegund áhrifa á sjálfsritskoðun er hið almenna andrúmsloft í þjóðfélaginu og viðteknar skoðanir eða stemning. Bláðamenn gera talsvert til að þóknast þessari stemningu og það getur kostað mikið atak að fara gegn henni. Um þetta segir viðmælandinn Kristín meðal annars: „*Ja, það er klapp á bakið. Þú færð lof fyrir að fletta ofan af einhverju og þú heldur áfram, en ef það reynast svo einhverjar skuggablíðar á málinu þá er mjög freistandi að skilja þær eftir og halda bara áfram. Þetta truflar mig!*“ Páll notar hins vegar dæmið um umfjöllunina fyrir hrúnið til að lýsa þessu: „*Ef maður skoðar það, og menn skrifuðu eitthvað neikvætt um útrásarvíkingana, þá urðu viðbrögðin alveg rosalega mikil. Þetta var svona niðurrif og hugsanlegt að það hafi valdið því að einhverjir herna, ... þá hrifust menn með straumnum og þá eh urðu kannski fyrir einhverjum ósýnilegum áhrifum og voguðu sér ekki inn á þetta sprengjusæði.*“ En stemningin í samfélaginu hefur áhrif í smáu og stóru og orðalag og umfjöllun um ýmsa hópa var nefnd í þessu samhengi. Þannig kom nokkuð oft fram þegar viðmælendur voru að tala um innri sjálfsritskoðun, sem hugsanlega mætti flokka sem eins konar síðabod eins og t.d. að taka tillit til tiltekinna minnihlutahópa hvað varðar efnistöð og orðalag, að þá voru í leiðinni nefnd hugsanleg viðbrögð samfélagsins við því að sýna ekki þessa tillitssemi. Viðmælandi Gunnar nefndi einfalt dæmi um að almennt væri talað um að menn þyrftu að nota tiltekin orð og önnur ekki um ákveðna hópa, jafnvel þótt öll orðin væru í sjálfu sér góð og gild. En röng orðanotkun kallaði á neikvæð viðbrögð samfélagsins. Viðmælandi Gunnar sagði: „*Já ég hugsa að ef ég færi að skrifa um kynskiptinga þá myndi ég trúlega kalla þá transfólke bara til að vera ekki að ergja það að óþörfu. Og þá er einhver almenn sátt um þetta orð og ég atla ekki að vera sá trébestur að halda í orðalag sem er í útlegð.*“ Svipuð viðhorf komu víðar fram varðandi umfjöllun um minnihlutahópa og þá sem á einhvern hátt eiga á brattan að sækja, viðmælendur töldu að þeir myndu gæta sín sérstaklega í slíkri umfjöllun, bæði vegna þess að þeir trúu því að það sé síðleg bláðamennska en líka vegna hugsanlegra viðbragða samfélagsins.

4.3.2 Bein áhrif - gagnrýni

Hin tegund áhrifa á sjálfsritskoðun er bein gagnrýni áhrifamikilla stjórnmálamanna og bloggara, eða jafnvel líka minna þekktra netverja, sem getur skipt miklu um hvað

og hvort blaðamenn segja hluti. Þetta tekur á sig ýmsar myndir, bæði hlýðni við „rétt-hugsun“, tilraunir til að afsanna ásakanir um hlutdrægni og endurskoðun á vali á viðmælendum. Þessi áhrif hafa orðið enn meiri en ella með gagnvirkninni í nútíma fjölmiðlaumhverfi. Viðmælandi Páll bergmálaði sjónarmið úr flestum viðtölum þegar hann sagði: „*Núna kannski er þessi.... kannski er þessi sjálfsritskoðun ef maður má kalla að það, þá tengist hún.... sem hefur ábrif á fréttamenn....þá tengist hún kannski meira umtalinu sem er úti í samfélaginu.*“ Hann nefnir líka mikla gagnrýni á þann miðil sem hann vinnur hjá frá áhrifamiklum stjórnámálönnum og ásakanir um mikla slagsíðu á fréttafloppningi og kannski ekki síður vali á viðmælendum. Síðan segir viðmælandi Páll og vísar til vals á viðmælenda sem blaðamaður myndi að öllu jöfnu telja heppilegastan: „*En svona hefur ábrif. Það fer þá að tækka inn sem einhver sjálfsritskoðun. Þú ferð að hafa þér að einhverju leyti öðru vísi, þú veltir fyrir þér: heyrðu á ég að tala við þennan?! Það var talað við hann 20-30 sinnum á einhverju tímabili og hann hefur þennan stimpil á sér.*“

Í raun má segja að sama viðhorf komi sterklega fram hjá öðrum viðmælendum líka, sem tiltaka þó ekki endilega stjórnámálamenn, heldur nefna líka til sögunnar áhrifamikla bloggara og álitsgjafa. Viðmælandi Kristín segir: „*Ja, sko umræðan í kringum ritstjórnir er oft bloggumræðan; það eru áhrifamiklir einstaklingar þú veist t.d. Egill Helgason, Hallgrímur Helgason og einhverjir svona, sem eru svona næstum því fjölmiðlar út af fyrir sig því þeir hafa svo mikinn ábrifamátt, dreifast svo vel. Vinsældar... vinsældarumfjöllun má segja að hafi verið oft á tíðum brjálæðislega góð, en engu að síður vinsældarumfjöllun, sem við gleymdum að fylgja eftir af því að það var ekki vinsælt.*“ Aðrir viðmælendur draga fram að með tilkomu samfélagsmiðla hafi þeir orðið sá spegill sem starfsfólk ritstjórna speglar sig sífellt meira í. Viðmælandinn Grímur segir þann hóp sem áhrif hefur á samfélagsmiðlum og kommentakerfum „*svolítið ógnvekjandi*“. „*Þetta hefur aukist mikið..... Og það eru þá fyrst og fremst samfélagsmiðlarnir, maður fær svo ofboðslega mikið viðbrögð í gegnum þessar gáttir... og svo er erfitt að aðgreina sig sem blaðamann og persónu. Því maður er kannski taggaður við einhverja frétt og svo er braunað yfir mann og það birtist bara á veggnum hjá manni við blíðina á fjölskyldumyndunum.*“ Og í svipaðan streng tekur viðmælandi Ólafur sem bendir á að blaðamenn verði iðulega aðalefni netumræðna um fréttir sem þeir skrifa en ekki endilega fréttin sjálf. Hann bætir svo við „*...og við sjáum t.d. að fólk velur það stundum að merka sér ekki fréttir; ég veit ekki hvort það heyrir undir sjálfsritskoðun, jú mögulega. Fólk svona óttast kannski viðbrögðin.*“

Án þess að ástæða sé til að draga úr næmi viðmælenda gagnvart beinni gagnrýni ekki síst í gegnum samfélagsmiðlana þá mátti merkja í flestum viðtölum að nokkuð ójafnt vægi er lagt á þessi viðbrögð og gagnrýni gagnvart sjálfsritskoðun hjá blaðamönnum. Þannig mátti greina að ákveðið ónæmi væri að byggjast upp, a.m.k. gagnvart hluta þessara viðbragða, eða eins og viðmælandi Unnur sagði: „*En maður bara sjóast í þessu!*“

4.3.3 Áhyggjur

Í tengslum við báðar þessar tegundir áhrifa umræðunnar á ritstjórnarlegar ákvarðanir blaðamanna koma fram hjá viðmælendum áhyggjur af því að þetta geti orðið til þess að fagleg sjónarmið hafi tilhneigingu til að víkja og að þöggunar verði vart í því að ekki sé fylgt eftir atriðum sem ekki eru talin falla í kramið í þjóðfélagsumræðunni.

5. Umræða

Þær rannsóknarniðurstöður sem hér birtast byggja á sex viðtölum og er nauðsynlegt að hafa það í huga þegar lagt er mat á alhæfingargildi þeirra. Hins vegar liggja fyrir frumniðurstöður úr megindegri rannsókn WJS, (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2012, WJS/Ísland) þar sem í ljós kom að hátt í annar hver blaðamaður segir sjálfsritskoðun hafa mikil áhrif á störf sín. Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson (2015) benda einmitt á það að sú mæling gefi í raun ekki upplýsingar um hvernig beri að túlka niðurstöðuna og að æskilegt væri að skýra hana með frekari rannsóknum. Sú rannsókn og það rannsóknarsnið sem hér var beitt hentar einmitt vel til þess, þannig að þrátt fyrir takmarkanir sem felast í fáum viðmælendum gefur rannsóknin dýrmætar upplýsingar og vísbendingar.

Segja má að niðurstöðurnar gefi tilefni til að leggja þyngrri áherslu á önnur atriði varðandi sjálfsritskoðun en gert hefur verið til þessa í almennri umræðu á Íslandi. Þannig virðist sú hugmynd sem varpað er fram í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (2010), að sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna tengist óvissu um starfsöryggi í aðstæðum þar sem tiltölulega fáum atvinnutækifærum er stjórnað af örfáum eigendablokkum, vera full einföld mynd af stöðunni og jafnvel ekki vera eins mikilvæg og ætla mætti. Það að atvinnutækifæri séu takmörkuð og að blaðamenn tilheyri tilteknum blokkum skiptir vissulega máli. Þannig kom fram fram í viðtölunum að áhrif eigenda og markaðsafla skipta máli eins og Herman & Chomsky (2002), Herdís Þorgeirsdóttir (2005) og Vilhjálmur Árnason (2014) hafa bent á. Einnig má segja að blaðamanna aðlagist vel anda og menningu vinnustaðar síns og fylgi um margt mynstri um félagslegt taumhald á ritstjórnnum sem Warren Breed lýsti í frægri grein um miðja síðustu öld (Breed 1955).

Þetta eru þó ekki þau atriði sem kema fram sem mest áberandi þemur í viðtölunum. Meðvitund og almenn umræða um eigendavaldið og þessa blokkaskiptingu í bland við valdeflingu almennra fjölmiðlaneytenda í gegnum óhefðbundna miðla virðist hafa dregið nokkuð úr dagskrárvaldi stjórnenda og eigenda en gefið blaðamönnum eitthvað meira svigrúm. Hins vegar er mjög athyglisvert hvernig samfélagsumræðan birtist sem meginþema rannsóknarinnar. Í ljósi þessara viðtala er hún í raun hinn nýi skuggaritstjóri hefðbundinna fjölmiðla á Íslandi. Slíkt hlýtur að teljast bæði jákvætt og neikvætt fyrir faglega blaðamennsku. Það er vissulega jákvætt að sjónarmið lesenda og fjölmiðlaneytenda hafi mikil áhrif á fréttamat og frétttaflutning og þannig má gera ráð fyrir að fjölmiðlarnir séu að þjóna hagsmunum almennings. Hins vegar kemur líka fram að þessi áhrif umræðunnar kalla ekki endilega fram það sem almenningur þarf að vita til að vera vel upplýstur. Í raun er þetta frekar viðbrögð við því annars vegar hvernig áhrifafólk og tiltekinn „rétt-hugsun“ í samfélaginu nær að stjórna umræðunni og hins vegar því sem blaðamenn telja að fólk *vilji* heyra eða vita. Þannig mætti til dæmis segja að fólk þurfi að hafa upplýsingar um efnahagsstjórnun stjórnvalda til að geta tekið upplýstar lýðræðislegar ákvarðanir í kosningum, en að það hafi ekki endilega mikinn áhuga á slíkum upplýsingum. Hins vegar geti það haft ómældan áhuga á ástarlífi fræga fólksins, þótt slík vitneskja gagnist ekki við mat á lýðræðislegum valkostum. Í þeim skilningi eru blaðamenn í raun að láta faglega sannfæringu vika fyrir vinsældum og þrýstingi tiltekinna sjónarmiða „úti í bæ“. Hið breytta fjölmiðlaumhverfi ýtir undir þróun af þessu tagi sem og hin aukna gagn-

virgni og samspil milli hefðbundinna miðla, netmiðla og samfélagsmiðla. Umræða á samfélagsmiðlum á þá greiðari aðgang að blaðamönnum og hættan á sjálfsritskoðun og götublaðavæðingu (e. tabloidization) eykst.

Þessa niðurstöðu og þetta næmi fyrir utanaðkomandi áhrifum er eðlilegt að skoða í ljósi þess að allir fjölmiðlarnir eru á markaði og undir miklum markaðsþrýstingi í innbyrðis samkeppni sem meðal annars hefur stuðlað að vaxandi hlutdeild mjúkra fréttu og götublaðavæðingar í efnistöku flestra miðla (Birgir Guðmundsson 2012). Þannig að til viðbótar við persónulega faglega ábyrgð við að þjóna hagsmunum almennings kemur markaðsleg og rekstrarleg krafa fyrirtækisins um að færa fólki það sem það sem eftirspurn er eftir og þar með fyrirtækinu tekjur. Þegar þetta blandast síðan saman við viðskipta-pólitíska blokkamyndun í eignarhaldi fjölmiðlanna – sem niðurstöður sýna að skiptir líka máli - er ljóst að faglegt sjálfstæði blaðamanna er undir margþættum og umtalsverðum þrýstingi. Þessi mynd er samhljóma kenningum um markaðsleg áhrif (Herman og Chomsky 2002; McQuail 2013) og greiningu Herdísar Þorgeirsdóttur á „járn-búrinu“ þar sem umgjörðin vinnur með ýmsum hætti gegn inntaki blaðamennskunnar í gegnum sjálfsritskoðunina. Þegar við þetta bætist áhersla sem fram kom í viðtölum um áhrif tæknibreytingar og gagnvirknar á vefnum er athyglisvert að tengja þetta rannsóknar-niðurstöðum Davis (2010) á þróun í starfi og samskiptum blaðamanna og stjórnmálamanna í kringum þingið í Bretlandi. Þar er líka gripið til samlíkingar Webers um „járn-búrið“, en þá í þeirri merkingu að markaðskröfur og upplýsingatekni hafa aukið verulega kröfur um afköst og meðhöndlun upplýsinga og samskipta bæði hjá blaðamönnum og stjórnmálamönnum. Fyrir vikið sé magn upplýsinga og hraði gríðarleg en samskipti öll miklu grynntri og yfirborðslegri þar sem fjölda-tölvupóstur og samfélagsmiðlar koma í stað eiginlegra samskipta. Sýndarveruleiki með yfirborðslegum upplýsingum og hálf-sérþekkingu hafi þannig tekið við af raunverulegri en afkastaminni samskiptaháttum. Þannig hafi orðið til „járnbúr“ meiri afkasta og hraðari samskipta, sem í raun komi niður á samskiptunum sjálfum. Rannsóknir á störfum íslenskra blaðamanna sýna að þeir eru undir talsverðu álagi og fara sjaldan út úr húsi í upplýsingaöflun sinni (Svanbjörg H. Einarsdóttir 2012). Einn mikilvægasti gluggi þeirra að samfélaginu er netið og því líklegt að svipaðra áhrifa „járnbúrs sýndarveruleikans“ gæti á Íslandi eins og lýst er í Bretlandi (Davis 2010). Eðlilegt er að skoða og meta ummæli viðmælenda um breytingar vegna gagnvirktrar tækni og vaxandi áhrif umræðunnar á ákvarðanatöku þeirra í þessu ljósi.

Í umræðunni um sjálfsritskoðun hefur hugtakið lítið verið skilgreint eða skýrt þrátt fyrir að það hafi verið óspart notað í umræðunni, m.a. um Múhameðsteikningar Jyllands-Posten og sömuleiðis teikningar Charlie Hebdo eins og rakið var í inngangi. Bæði Horton (2011) og Cook og Heilmann (2013) hafa hins vegar dregið fram mikilvægi þess að sundurgreina hugtakið og tvískipta því. Slíkt hefur m.a. umtalsverð áhrif á umræðuna um sjálfsritskoðun og tjáningarfrelsi og það hvernig skopmyndamálin eru túlkuð, m.a. með tilliti til tjáningarfrelsis. Innri og ytri sjálfsritskoðun vísa því í raun til gjörólíkra hluta. Innri sjálfsritskoðun hefur meira með höfundareinkenni, upplag, siðferðisstöðu og faglega sýn að gera á meðan ytri sjálfsritskoðun felur í sér að menn hafa látið undan og innbyrt takmarkanir sem þeir skynja utan frá. Eins og niðurstöðurnar draga fram þá

skilja flestir viðmælendur innri sjálfsritskoðun sem jákvæða tilraun blaðamanns til að takmarka eigin fordóma og skóðanir og nálgast hluti á faglegum forsendum á meðan þeir hafa allt annan skilning á ytri ritskoðun. Í veruleikanum virðist því sem hin heimspékilega tvískipting komi fram – að mestu ómeðvitað – í hugmyndum blaðamannanna. Í ljósi niðurstaðnanna er í raun spurning hvort heppilegt sé að tala um innri sjálfsritskoðun sem ritskoðun. Innri sjálfsritskoðun, eins og viðmælendur skilja hugtakið, er ná-tengt hugmyndinni um sjálfsgagnrýni og gagnrýna hugsun og er þar með jákvætt hugtak sem stuðlar að siðlegri og faglega blaðamennsku

Með eðlilegum fyrirvörum um alhæfingargildi fyrirbærafræðilegrar rannsóknar sem byggir á sex viðmælendum er ljóst að áherslan í umræðu um sjálfsritskoðun blaðamanna á Íslandi hefur að sumu leyti verið röng. Athyglin hefur fyrst og fremst verið á sjálfsritskoðun á tveimur sviðum. Annars vegar gagnvart hagsmunum eigenda og stjórnenda fjölmiðlafyrirtækjanna og þá gjarnan snúist um um það sem kallað er „ritstjórnarlegt sjálfstæði“ (Birgir Guðmundsson 2013, Birgir Guðmundsson & Sigurður Kristinnsson 2015). Hins vegar hefur verið talað um sjálfsritskoðun gagnvart íslam og/eða viðurkenndum minnihlutahópum (Meckl 2008; Róbert Haraldsson 2009). Af niðurstöðum þessarar rannsóknar má draga þá ályktun að þótt þessi atriði skipti miklu máli sé ekki síður ástæða til að skoða sjálfsritskoðun sem viðbrögð við viðtækari þjóðfélagsumræðu og áhrifamætti skoðanaleiðtoga úti í samfélaginu, hvort sem þeir eru raunverulegir stjórnmálamenn eða leiðandi á samfélagsmiðlum eða bloggumræðu.

Þá draga þessar niðurstöður fram að hugtakið sjálfsritskoðun ber að nálgast með varúð og fordást að nota það sem greiningarhugtak án frekari skýringa. Þannig bendir allt til að íslenskir blaðamen sem svöruðu könnun WJS árið 2011 hafi skilið hugtakið með ólíkum hætti, ýmist sem innri eða ytri sjálfsritskoðun. Í frekari rannsóknum er því nauðsynlegt að gera greinarmun á mismunandi merkingu hugtaksins ef merkingarbær niðurstaða á að koma út úr slíkum athugunum.

Heimildir

- Alexander, J.C. (2015). „The crisis of journalism reconsidered: Cultural power“ *Fundan Journal og the Humanities and Social Science* Springer Online First 31. Janúar.
- Birgir Guðmundsson og Meckl, M. (2010). „Social responsibility and the freedom of the press“ í *Þjóðar-spegillinn*, Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, 198-204. Reykjavík: Félags og mannvísindadeild, Félagsvísindastofnun, Háskóla Íslands.
- Birgir Guðmundsson (2012). „Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða með hliðsjón af greiningarramma Colin Sparks“, *Stjórnmál og stjórnsýsla* 8(2), 323-342.
- Birgir Guðmundsson. (2013). Ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðamanna, *Blaðamaðurinn* 35(1), 10-12.
- Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinnsson. (2015). „Icelandic Journalists & the question of professionalism“ í Ráðstefnurit frá ráðstefnunni: Tjáningarfrelsi og félagsleg ábyrgð: kenningar og útfærsla. Birt í *Nordicum-Mediterranum*, 10(1) Aðgengilegt á slóðinni: <http://nome.unak.is/nm-marzo-2012/vol-10-no-1-2015/88-conference-paper/534-icelandic-journalists-the-question-of-professionalism>
- Blaðamannafélag Íslands. (2014). *Samantekt úr erindum framsögumanna*. Sótt þann 24. Febrúar 2015 áslóð-ina: <http://press.is/index.php/felagidh/frettir/3547-samantekt-framsogumanna>
- Breed, W. 1955. „Social Control in the Newsroom: A Functional Analysis.“ *Social Forces* 33(4), 326-335.
- Cook, P. og Heilmann, C. (2013). „Two types of self-censorship: Public and private“, *Political Studies*, 61.

- Davis, A. (2010). „Politics, journalism and new media: Virtual iron cages in the new culture of capitalism“, í Fenton, N. (ritstj.), *New Media, Old News. Journalism and Democracy in the Digital Age*. London: Sage Publications Ltd.
- EFJ. (2015). *The Invisible hand of self-censorship in Serbia*. Sótt þann 26.mái á slóðina: <http://europeanjournalists.org/blog/2015/05/26/the-invisible-hand-of-self-censorship-freedom-of-media-in-serbia/>
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2012). „Siðferði og starfshættir íslenskra blaða- og fréttamanna“, í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar) *Þjóðarspeglinn, Rannsóknir í félagsvísindum, XIII Félags og mannvísindadeild*, 1-13. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gunter, B. (2000). *Media Research Methods. Measuring Audiences, Reactions and Impact*. London: Sage Publications.
- Herdís Þorgeirsdóttir (2005). *Journalism worthy of the name: freedom within the press and the affirmative side of Article 10 of the European Convention on Human Rights*. Liden/Boston: Martinus Nijhoff Publishers
- Herman, E og Chomsky, N. (2002). *Manufacturing Consent. The Political Economy of the Mass Media*. (Paperback edition). New York: Pantheon Books.
- Horton, J. (2011). „Self-censorship“, *Res Publica* 17, 91-106.
- Kristján Kristjánsson. (2013). „Hugtakagreining“, í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.) *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- McQuail, D. (2013). *Journalism and Society*. London: SAGE Publications.
- Meckl, M. (2008). „Dönsku skopmyndirnar og baráttan fyrir prentfrelsi“, *Ritid*, 8(2).
- Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis*. Bindi 8. Reykjavík, Alþingi.
- Reich, Z. & Hanitzsch, T. (2013). „Determinants of Journalists' Professional Autonomy: Individual and national-level factors matter more than organizational ones“, *Mass Communication & Society*, 16(1).
- Róbert H. Haraldsson. (2009). „Málfrelsi og dönsku Múhamedsteikningarnar“, *Ritid*, 9(1), 79-199.
- Rose, F. (2006). „Why I published those cartoons“, *Washington Post*, 19. febrúar. Sótt þann 10. mars 2015 af: <http://www.washingtonpost.com/wp-dyn/content/article/2006/02/17/AR2006021702499.html>
- RÚV. (2015). „Vilja úttekkt á öryggi ritstjórna“. Sótt þann 20.01 2015 á slóðina: <http://www.ruv.is/frett/vilja-uttekkt-a-oryggi-ritstjorna>
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013a). „Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir“ í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013b). „Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð“ í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.) *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). „Réttmæti í meginlegum og eigindlegum rannsóknum“ í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skovsgaard, M. (2014). „Watchdogs on a leash? The impact of organisational constraints on journalists' perceived professional autonomy and their relationship with superiors“, *Journalism*, 15(3), 344-363.
- Svanbjörg H. Einarsdóttir. (2012). „Bundnir við borðið. Vinnuáðstæður og vinnubrögð blaða- og fréttamanna á Íslandi“, *Blaðamaðurinn* 34(1), 14-18.
- Vilhjálmur Árnason. (2014). *Hugsmyndar, um siðferði, stjórnmál og samfélag*. Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Witschge, T. and Nygren, G. (2009). „Journalism: A profession under pressure?“, *Journal of Media Business Studies*, 6(1).
- WJS (e.d.) Vefsetur The Worlds of Journalism Studies. Aðgengilegt á slóðinni: <http://www.worldsofjournalism.org/>
- WJS/Ísland. (óbirrt). Gagnabanki sem samstarfsteymi við HA og HÍ vann upp í samráði við WJS árið 2011.